



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

101 Reykjavík

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 9. febrúar 2021

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) skiluðu áður umsögn til Alþingis um samhljóða tillögu og er hún dagsett 5. apríl 2017. Í umsögninni er því lýst að samtökin séu „*ósammála þeirri niðurstöðu verkefnisstjórnar um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun) að byggja ákvörðun um vernd og nýtingu einungis á niðurstöðu tveggja faghópa af fjórum*“. Minnt er á að lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 um flokkun virkjanakosta gera ráð fyrir að hún byggji á þremur þáttum sjálfbærrar þróunar þ.e. efnahag, samfélagi og umhverfi. Tillagan byggji hins vegar „*nær eingöngu á þröngri nálgun sem er mat á neikvæðum áhrifum á umhverfi, náttúru og ferðamennsku*“.

Samtökin ítreka þessa afstöðu en vilja jafnframt koma eftirfarandi á framfæri.

Lögin um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) nr. 48/2011 þurfa nauðsynlega endurskoðunarvið. Áður en lögin tóku gildi hafði um árabíl verið unnið að 2. áfanga rammaáætlunar undir verkefnisstjórn sem skipuð var sameiginlega af iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Í framhaldinu samþykkti Alþingi þingsályktun snemma árs 2013 byggða á tillögum verkefnisstjórnarinnar. Með lögunum 2011 var umsjón með rammaáætlun flutt til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, verkefnisstjórn er skipuð af ráðherra og hún velur síðan faghópa og skilgreinir verkefni þeirra og hverjir vinna nauðsynleg verkefni. Þetta hefur þýtt að ekki hefur náðst sátt um niðurstöður verkefnisstjórnarinnar eins og nauðsynlegt er. Samtökin telja nauðsynlegt að umsjón rammaáætlunar verði á hendi tveggja ráðuneyta og að atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra öðlist þar jafngildan sess á við umhverfis- og auðlindaráðherra. Mikilvægt er að þessu verði breytt hið fyrsta.

Nátengd lögunum eru skipulagslögin nr. 123/2010 sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Samkvæmt þeim er m.a. mótuð landsskipulagsstefna þar sem ætlunin er að samþætta áætlanir um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun ásamt nýtingu og vernd auðlinda haf- og strandsvæða. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur undanfarið unnið að samþættingu allra áætlana sem undir það heyrir þ.e. samgöngur, byggðamál (sóknaráætlanir), fjarskipti og málefni sveitarfélaga. Samtökin telja eðlilegt að færa skipulagslögin undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.



Frá því lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun voru sett hafa einnig tekið gildi ný lög um náttúruvernd sem tryggja mun betur en áður hagsmunum náttúrunnar.

Í raun má segja að lögum um rammaáætlun séu á skjön við aðra lagasetningu sem tengjast framkvæmdum og að skipulagslög, lög um náttúruvernd og lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana og lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nægi fyllilega til að taka á öllum álitamálum sem nú falla undir lög um rammaáætlun. Það virðist ekki mikill skaði felast í því fyrir umhverfið þótt þau féllu úr gildi.

Lykilatriði er að leggja megináherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins sem eins og áður segir byggir á þremur grunnstoðum sem eru vistkerfið, félagslegar aðstæður og efnahagslegir þættir. Þessar stoðir eru nátengdar og ákvarðanir um einn þátt geta haft áhrif á hina tvo.

Samtökin minna á að fólksfjölgun og ný atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu, tölvuverum, matvælaframleiðslu, almennum iðnaði eða á öðrum sviðum krefst aukinnar orkuframleiðslu sem mæta verður með grænni orku. Að auki skapast möguleikar til útflutnings orkuþekkingar og orku í formi eldsneytis til dæmis vetnis. Þarna þarf að horfa til langrar framtíðar og tryggja að Íslendingar geti áfram notið sjálfbærrar nýtingar þeirra auðlinda sem landið hefur búið þeim.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson,  
framkvæmdastjóri

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Hannesson,  
framkvæmdastjóri